

Öryggis- og heilsustefna

1. Inngangur

Tilgangur öryggis- og heilsustefnu Landsvirkjunar er að skapa vinnustað þar sem öryggi og heilsa starfsfólks er í forgangi. Markmið okkar er öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi sem stuðlar að vellíðan á vinnustað og heilbrigðri vinnustaðamenningu.

Landsvirkjun hlítir þeim kröfum sem gerðar eru til fyrirtækisins, skuldbindingum sem það hefur undirgengist og hefur stöðugar umbætur að leiðarljósi.

Stefnan er sett af stjórn Landsvirkjunar að fenginni tillögu frá forstjóra fyrirtækisins.

2. Gildissvið

Stefnan gildir fyrir alla starfsemi Landsvirkjunar.

3. Hugtakaskilgreiningar

Atvinnutengdir sjúkdómar:	Sjúkdómur eða sjúkdómsástand sem kemur fram vegna vinnu eða aðstæðna í starfsumhverfi.
Áhætta:	Hugtak sem lýsir alvarleika mögulegrar hættu og líkum á því að einhver verði fyrir hættunni.
Áhættumat:	Kerfisbundin greining á áhættu með tilliti til alvarleika.
Fjarveruslys:	Öll slys sem leiða til þess að starfsmaður verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, umfram þann dag sem slysið varð.
Hætta:	Háski eða ógn sem getur valdið tjóni.
H-200:	Tíðni fjarveruslysa fyrir hverjar 200.000 vinnustundir.
Líkamlegar áhættur:	Áhættur sem snúa að líkamlegri heilsu.
Sálfélagslegar áhættur:	Áhættur sem snúa að andlegri heilsu.
Varnarlag:	Varnir ætlaðar til að koma í veg fyrir eða draga úr afleiðingum atvika.

4. Stefna

Landsvirkjun er í fararbroddi í öryggis- og heilsumálum. Við sköpum öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi með áherslu á að fyrirbyggja slys og atvinnutengda sjúkdóma sem valda eða geta valdið varanlegum skaða. Við leggjum áherslu á vellíðan starfsfólks og heilbrigða vinnustaðamenningu.

Margt í starfsemi Landsvirkjunar er áhættusamt. Við áhættumetum öll störf, höfum stjórn á líkamlegri og sálfélagslegri áhættu, höfum nauðsynleg varnarlög til staðar og tökum ekki óásættanlega áhættu. Við stofnum ekki lífi og heilsu starfsfólks í hættu fyrir fjármuni, tíma, framleiðslu eða aðra þætti í starfsemi fyrirtækisins. Við gerum óhikað athugasemdir við óöruggt verklag eða aðstæður og stöðvum vinnu ef við teljum að öryggi sé ekki tryggt.

Við eignum opin og heiðarleg samskipti við innri og ytri hagsmunaaðila um öryggi og heilsu. Við leggjum áherslu á skýra ábyrgð stjórnenda og að starfsfólk viti að öryggi þeirra hefur alltaf forgang. Við leggjum áherslu á að öll taki virkan þátt í að skapa öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi, við lærum af þeim atvikum sem verða og öxlum ábyrgð á eigin öryggi og annarra.

5. Mælikvarðar

H-200 fyrir starfsfólk Landsvirkjunar (markmið: 0)

H-200 fyrir verktaka á starfssvæðum Landsvirkjunar (markmið: 0)



6. Innleiðing

Forstjóri ber ábyrgð gagnvart stjórн á innleiðingu stefnunnar.

Innleiðing stefnunnar er í samræmi við alþjóðlega öryggisstjórnunarstaðalinn ISO 45001. Við innleiðingu er lögð áhersla á samráð og samvinnu við starfsfólk, öryggisverði, öryggistrúnaðarmenn og öryggisnefnd Landsvirkjunar.

Við vinnum að forvörnum með gerð áhættumats og gerum árlegar áætlanir til að tryggja heildstætt og markvisst vinnuverndarstarf. Við fylgjum eftir markmiðum okkar, mælum frammistöðu, vöktum árangur og stuðlum að stöðugum umbótum.

7. Upplýsingagjöf

Árangur öryggis- og heilsustefnu er rýndur heildstætt árlega í framkvæmdastjórн og tekinn til umfjöllunar í öryggisnefnd. Mælikvarðar eru birtir í mánaðarskýrslu til stjórnar, í ársskýrslu Landsvirkjunar og á ytri vef. Upplýsingagjöf til starfsfólks fer m.a. fram í gegnum samskiptamiðla fyrirtækisins og á starfsmannafundum eftir því sem við á.

8. Endurskoðun

Stjórн Landsvirkjunar endurskoðar stefnu þessa eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.

9. Gildistaka

Stefna þessi gildir frá og með staðfestingu stjórnar.

26. janúar 2024

Stjórн Landsvirkjunar